

30. nóvember 2023

Gára ehf.

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskáttur, áfengisgjald ofl.).
468. mál**

Gára ehf., sem sinnir umboðsmennsku fyrir flestar útgerðir sem stunda hringsiglingar við Ísland, vill beina því til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að endurskoða hugmyndir fjármálaráðherra um breytingar á tollalöggjöf fyrir skemmtiferðaskip í innanlandssiglingum (VI. kafli 19. gr. frumvarpsins).

Breytingarnar myndu ekki aðeins bitna á mörgum sveitarfélögum á landsbyggðinni heldur jafnframt valda umtalsverðu óhagræði og umstangi sem erfitt er að sjá að þjóni hagsmunum þjóðarinnar.

Áhrif

Um mitt ár 2012 samþykkti 140. löggjafarþing eftirfarandi breytingu á tollalögum:

„Tollfrelsi skv. þessum tölulið tekur til farþegaskipa, skráðum erlendis, sem sigla á milli hafna innanlands enda vari viðkoma þeirra hér á landi ekki lengur en fjóra mánuði á hverju 12 mánaða tímabili.“

Með gildistöku breytinganna hefur umferð smærri skipa (svokallaðra leiðangursskipa/expedition vessels) stóraukist. Þessi skip sérhæfa sig í hringferðum um Ísland og heimsækja áfangastaði á landsbyggðinni sem stærri skip geta ekki sótt. Þróunin frá tollabreytingunni 2012 hefur verið eftirfarandi:

Leiðangursskip í hringferðum um Ísland 2012 til 2017 sem skipta um farþega í Reykjavík

	<u>Fjöldi skipa</u>	<u>Fjöldi farþega</u>
2012	5	504
2013	6	656
2014	11	1964
2015	27	3848
2016	29	6756
2017	39	7456

Óþarft er að tíunda hin jákvæðu fjárhagslegu áhrif sem ferðamenn hafa haft á smærri áfangastaði á landsbyggðinni. Aukin hafnargjöld, kaup ferðamanna á vörum og margvíslegri þjónustu hefur rennt styrkari stoðum undir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga í hinum dreifðari byggðum og þannig stuðlað að jákvæðri þróun þeirra.

Framkvæmd

Þá telur Gára ehf. rétt að gjalda varhug við því hvernig framkvæmd breyttra tollalaga færi fram. Verulega flókið yrði að telja, verðmeta og reikna virðisaukaskatt af vörum sem væru um borð við komu til landsins og síðan að reikna endurgreiðslu við brottför frá landinu. Óhætt er að fullyrða að þessu umstangi myndi fylgja mikið óhagræði. Ekki aðeins fyrir starfsfólk skemmtiferðaskipanna heldur jafnframt tollgæslu, með tilheyrandi kostnaði og aukinni þörf á mannafla.

Ekki þarf að velkjast í vafa um að frumvarpið muni að óbreyttu hafa fráhrindandi áhrif á skipuleggjendur slíkra hringferða um landið, sem munu hugsa sig tvisvar um áður en þeir ákveða að leggja skipum sínum við bryggju í byggðarlögum landsins. Fyrir vikið er erfitt að sjá hvernig breytingarnar eru til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif á fjárhag ríkisins eða sveitarfélaganna sjálfra.

Breytingarnar munu því vissulega hafa áhrif á „fjárhagslega hagsmuni fyrir ríkissjóð“ eins og nefnt er í greinargerð frumvarpsins - þó aðeins til hins verra.

Samhljóða álit

Að þessu leyti tekur Gára ehf. undir sjónarmið sem fram koma í umsögnum Cruise Iceland, Aeco og Atlantic ehf við drög að [fyrstu aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030](#). Rétt er að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi efnisgrein í umsögn þess síðastnefnda:

Hugmyndir um afnám tolifrelsins fyrir skemmtiferðaskipin eru varlega sagt illa ígrundaðar og myndi að óbreyttu leiða til umtalsverðrar lækkunar tekna fyrir hið opinbera og kippa grundvelli undan rekstri fjölmargra aðila sem hafa tengst þessari uppbyggingu. Tillaga um afnám skattfrelsins myndi að óbreyttu leiða til þess að ferðaþjónusta í tengslum við hringsiglingar myndi leggjast af með tilheyrandi áhrifum á flugfélög, hótél á höfuðborgarsvæðinu, söluaðila á vörum og þjónustu fyrir skipin og ferðaþjónustuaðila víða um land, auk þess að hafa mikil áhrif á hafnir á landsbyggðinni og í Reykjavík sem myndu sjá á bak þessum skipum og hreinlega eyðileggja rekstrargrundvöll fjölmargra ferðaþjónustufyrirtækja um allt land.

Þá telur Gára ehf. rétt að minna efnahags- og viðskiptanefnd á að stjórnvöld hafa víða komið sér upp skattalegum hvötum, ekki alls ósvipuðum þeim sem hér um ræðir. Nægir þar að nefna 35% endurgreiðslu á framleiðslukostnaði kvikmynda og „tax free“-varning á Keflavíkurflugvelli. Í því samhengi er rétt að undirstrika að farþegar hringsiglinga greiða virðisaukaskatt af allri þeirri vöru og þjónustu sem þeir kaupa í landi.

Að lokum vill Gára ehf. bjóðast til að mæta á fund efnahags- og viðskiptanefndar til að reifa þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin.

Fyrir hönd Gáru ehf.
Jóhann Bogason